

Fundur í skólaráði Árbæjarskóla

Mánudagurinn 11.maí 2026, kl. 8:10

Mættir voru: Þorbergsdóttir aðstoðarskólastjóri, Stefán Orri Stefánsson fulltrúi foreldrafélagsins, Margrét Sæberg fulltrúi kennara, Sólveig Geirsdóttir fulltrúi kennara, Þórdís Eva, fulltrúi starfsmanna, Erna Bryndís fulltrúi Ársels, Hörður Guðjónsson fulltrúi grenndarsamfélagsins (frá Fylki). Fulltrúar nemenda: Rebekka Harðardóttir fulltrúi yngsta stigs, Ragna Tryggvadóttir fulltrúi miðstigs. Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri ritaði fundargerð.

1. Sjálfsmat skólans

Guðlaug sýndi drög að nýrri sjálfsmatsáætlun skólans sem er í vinnslu. Áætlunin er gerð til 5 ára en verður uppfærð árlega. Það sem verður yfirfarið árlega er kafli sem snýr að mati ársins, almennt hvað var gert og síðan umbótaáætlun skólans. Markmiðið með endurgerðri áætlun var að einfalda áætlunina og setja hana upp á svipaðan hátt í borginni allri.

2. Helstu áherslur á næsta skólaári, skóladagatal, símenntun o.s.frv.

Við höfum nú þegar farið í gegnum skóladagatalið og sent það inn til SFS til yfirferðar. Varðandi símenntun kennara þá verður sérstök áhersla á nýútfærða námskrá (t.d. útfærslu á styttri áætlunum), bekkjarstjórnun, gervigreind í kennslu o.fl.

Á næsta skólaári verður haldið upp á 60 ára afmæli skólans og verður afmælið á vordögum. Leitað verður til nemenda og starfsfólks eftir hugmyndum að því hvernig afmælisárinu verður fagnað.

3. Starfsáætlun Árbæjarskóla

Skólaráð var beðið um athugasemdir varðandi starfsáætlun og skólanámskrá. Á þessari síðu kemur fram hvað á að vera í skólanámskrá og starfsáætlun en þetta flæðir aðeins á milli þessara tveggja áætlana (sem er í góðu lagi) <https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-12-skolanamskra-og-starfsaaetlun-skola>. Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina en fundarmönnum bent á að þeir gætu sent inn athugasemdir síðar.

4. Rekstur skólans

Fjárhagslega hefur rekstur skólans gengið vel. Á síðasta ári vorum við vel sett og því bættum við í starfsmannahópinn og við gerum ráð fyrir að styrkja t.d. stoðþjónustuna okkar enn frekar á næsta skólaári.

5. Vorferðir, útskrift, skólaslit:

Þórhildur sagði frá vorferðum á yngsta- og miðstigi. 7. bekkur hefur þegar farið í sína vorferð sem var að Reykjum. 6. bekkur fer í Guðmundarlund í Kópavogi 28. maí og 5. bekkur fer að

skoða Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal 2. júní. Nemendur í 4. bekk fara í sína árlegu ferð á Þingvelli 1. júní, 3. bekkur fór í síðustu viku á Árbæjarsafn, 2. bekkur sótti Alþingi heim og 1. bekkur fór í Húsdýragarðinn. Hið árlega Stífluhlaup verður haldið 3. júní og íþróttadagur miðstigs sama dag. Vorhátíð yngsta stigs verður að öllum líkindum haldin í byrjun júní, fer allt eftir veðri og vindum. Kennarar munu grípa hvert tækifæri sem gefst til að fara í Dalinn í styttri ferðir en að öðru leiti verður kennt samkvæmt stundaskrá fram að skólaslitum.

Einnig var sagt frá vorferðum á unglíngastigi. Nemendur í 10. bekk fara í árlega vorferð, 4. – 5. júní á Suðurlandið þar sem farið verður að Þingvöllum, í Riverrafting, gist í Þykkvabænum, synt á Hellu og farið í hópefli í Hveragerði. Nemendur í 9. bekk fara í ratleik í miðbæinn þann 9. júní og sama dag fara nemendur í 8. bekk í Nauthólsvík. Íþróttadagur unglíngadeildarinnar er mánudaginn 8. júní og um kvöldið er hið árlega lokaball. Að öðru leiti verður kennt samkvæmt stundaskrá til síðasta dags fyrir utan að 1. júní verður skyndihjálparnámskeið í 10. bekk og einnig fara nemendur í 9. bekk í heimsókn í HR (stelpur, stálp og tækni / strákar, stálp og háskóli).

6. Skólaslit og útskriftir

Útskrift nemenda í 10. bekk þriðjudaginn 9. júní kl. kl. 15:30

Miðvikudaginn 10. júní eru skólaslit nemenda í 1. – 9. bekk.

Skólaslit nemenda í 1. – 4. bekk eru kl. 9:10

Skólaslit nemenda í 5. – 7. bekk eru kl. kl. 10:10

Skólaslit nemenda í 8. – 9. bekk eru kl. 11:10

7. Framkvæmdir framundan

Lítið um framkvæmdir. Við vonumst þó til að farið verði í eftirfarandi verkþætti:

- a. Dúkaviðgerðir
- b. Lagfæring á bílastæði (framkvæmdir hófust í síðustu viku þannig að ökufært yrði um planið á kjördegi þann 16. maí nk.)
- c. Einhver rými verða máluð
- d. Sundlaugin verður hreinsuð og máluð – það er mikilvægast.
- e. Og eitthvað fleira.

8. Skipulag næsta skólaárs, ráðningar o.fl.

Ráðningar að klárast og unnið að töflugerð. Verið er að ráða inn á yngsta stig og miðstig þar sem kennarar eru að færa sig um set og fara til annarra starfa. Á unglíngastiginu fjölgar um einn bekk og verða bekkirnir 16 á næsta skólaári. Því fylgir að ráða þurfti enskukennara auk

Þess sem ráða þurfti tvo náttúrufræðikennara þar sem kennarar voru að hætta, annar að færa sig um set vegna flutninga og hinn að fara í nám. Þá er auglýsing úti þar sem okkur vantar kennara til að kenna náttúrufræði og samfélagsfræði (50/50).

Hvað list- og verkgreinar varðar þá fer myndmenntakennari í fæðingarorlof og smíðakennari hættir sökum aldurs. Ráðið hefur verið í þessar stöður. Heimilisfræðikennari er að færa sig um set og hefur verið ráðið í þá stöðu. Þá hefur verið aukið í við stoðþjónustuna og verður opnunartími námsveranna aukinn.

Hvað húsnæðismál varar þá er þátttökubekkur Klettaskóla að fara í Víkurskóla frá og með næsta hausti. Samhliða þeirri breytingu ætlum við að breyta námsverum skólans þannig að unglingaverið flyst í stofuna þar sem Klettaskóli var og við búum til annars konar námsver á neðri hæðinni.

9. Skipulag skólaráðs næsta skólaár.

Það gætu orðið tilfærslur á fulltrúum skólans og gott væri að fá að vita tímanlega hverjir munu sitja fyrir hönd foreldra.

10. Önnur mál

Skólastjóri upplýsti að Þórhildur Þorbergsdóttir aðstoðarskólastjóri sé að fara í námsleyfi á næsta skólaári. Rannveig Þorvaldsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu verður þá aðstoðarskólastjóri en með áherslu á stoðþjónustuna áfram. . Rannveig mun taka við einhverjum af verkefnum Þórhildar sem lúta að t.d. stærri ákvarðanatökum.

Kjartan Stefánsson íþróttakennari Árbæjarskóla (og margt fleira) til 20 ára mun verða deildarstjóri og mun halda utan um 1. – 7. bekk

Fulltrúi foreldra kom með þá beiðni að nemendur fái fá bókstaf í lok hvers skólaárs.

Annað ekki gert og fundi slitið kl. 9:00

Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri

Fundur í skólaráði Árbæjarskóla

Mánudagurinn 26. janúar 2026, kl. 8:10

Mættir voru: Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri, Silja og Stefán fulltrúar foreldrafélagsins, Margrét Sæberg fulltrúi kennara, Sólveig Geirsdóttir fulltrúi kennara, Þórdís Eva, fulltrúi starfsmanna, Erna Bryndís fulltrúi Ársels, Hörður Guðjónsson fulltrúi grenndarsamfélagsins. Fulltrúar nemenda: Rebekka Harðardóttir fulltrúi yngsta stigs, og Þórhildur Guðjónsdóttir fulltrúi unglíngastigs og Þórhildur Þorbergsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Skólastjóri sagði frá því að á fyrsta fundi hvers árs væri lögð áhersla á það að nemendur kæmu með það sem þeim liggur á hjarta.

11. Hvað liggur nemendum á hjarta

- Yngsta stig:

Salatbarinn er góður og fjölbreyttur og er mikil ánægja með sósum þó að nemendum finnst þær stundum of þykkar. Fiskurinn er stundum góður. Nemendur óska þess að minnka kryddið sem notað er á matinn. Sumir segja að það sé of oft fiskur og það er ekki ánægja með sveppasúpu. Sex nemendur eiga að sitja við gulu borðin og eru nemendur ekki nógu ánægðir með það og finnst það ekki nógu góð regla. Þá kom einnig fram hjá nemendum að nemendur almennt mættu æfa betur að hlusta á kennarana sína.

- Miðstig:

Íþróttatímar eru vel skipulagðir og ánægja er með frímínúturnar eftir matinn. Nemendur eru ánægðir með að nemendur í 7. bekk fái að vera inni í frímínútum í hádeginu og hafa fengið að vera í ákveðnu rými á þessum tíma. Þetta fyrirkomulag var prófað í vetur og hefur að mestu gengið vel og verður skoðað að hafa þetta fyrirkomulag áfram. Nemendum finnst gott að hafa sundtímana fyrir og eftir áramót og eru ánægðir með fyrirkomulagið á sundtímunum. Ánægja með tölvurnar.

Nemendur nefndu að þeim þætti jafnvel betra að hafa matartíma fyrr í hádeginu, matur er klukkan 12:20 núna. Nemendur nefndu að þeir óskuðu þess að hafa styttri skóladag. Einnig nefndu þeir að það væri óskandi að allir hópar gætu byrjað á sama tíma á morgnana og endað á sama tíma. Nemendur nefndu einnig að það væri gott að hafa lengri frímínútur að morgni.

- Unglíngastig

Sólveig Geirsdóttir kennari upplýsti um óskir nemendaráðs. Nemendur unglíngadeildar vilja koma því á framfæri að ávextirnir séu oft búnir þegar unglíngadeildin kemur í matinn í hádeginu. Unglíngarnir upplifa að nemendur á yngsta- og miðstigi séu þá búnir að klára þá. Það er ósk unglíngana að fá ávexti með hafragrautnum á morgnana. Þeim finnst einnig raðirnar í matinn langar og stundum er lítið eftir af mat og biðin getur verið hátt í 20 mínútur. Unglíngarnir kvarta yfir því að það sé fiskur á föstudögum og vilja breyta matseðlinum í fyrra horf en þá var ekki fiskur í matinn heldur súpur eða grautur. Þá upplifa nemendur að þeir fái

lítið frelsi til að taka ákvarðanir um félagslífið og þeir heyri frekar nei en já við hugmyndum sínum. Nemendur vilja líka fá aftur 60 mínútna kennslustundir.

Rætt var um frímínútur og tímasett í stundaskrá, rætt var um að skoða þann möguleika á næsta skólaári að miðstigið fari jafnvel fyrr í mat og unglingarnir fái þá að hafa rýmið fyrir sig í matartímanum en deili því ekki með 7. bekk. Þetta verður skoðað þegar farið verður í stundatöflugerð fyrir næsta skólaár en ekki er víst að það náist að breyta þessu fyrirkomulagi.

12. Ábendingar og samtal við kokkinn:

Egill matreiðslumaður áréttar að það sé nóg til af ávöxtum í húsi og að starfsfólkið í eldhúsinu skeri jafnóðum niður ávexti í hádeginu. Hann hvetur fundarmann unglingastigs til að koma þeim skilaboðum áleiðis að unglingarnir láti eldhúsið vita ef ávextirnir eru búnir frammi í sal. Egill er jafnframt alveg til í að skoða breytingar á matseðli á föstudögum og verður það skoðað með stjórnendum. Foreldrar höfðu ekki ábendingar til matreiðslumanns en hann áréttar við foreldra að hann sé alltaf til samtals og vilji heyra í fólki ef einhverjar óskir eru eða ábendingar.

13. Rætt um foreldrasamstarf

Þórhildur sagði frá því að Dagbjört Þorsteinsdóttir verkefnastjóri frá SFS kom í skólann og hitti foreldra í öllum árgöngum á miðstigi. Dagbjört stýrði þremur fundum og var með erindi um foreldrasamstarf. Á fundunum var búinn til farsældarsáttmáli sem foreldrar skrifuðu allir undir. Í farsældarsáttmálanum kemur fram hvaða reglur foreldrarnir settu fyrir börnin í árganginum. Farsældarsáttmálinn er síðan hengdur upp í stofum barnanna og unnið með hann eftir þörfum. Umsjónarkennarar í hverjum árgangi voru á fundunum og Þórhildur aðstoðarskólustjóri. Það var góð mæting á fundina og var skyldumæting. Staðfesta þurfti mætingu með tölvupósti og hringt var síðan í þá foreldra sem að staðfestu ekki og minnt var á fundina og mikilvægi mætingar. Foreldrar voru ánægðir með boðunina og voru glaðir að fá tækifæri til að tala saman og samstilla sig.

Silja var á fundi með Dagbjörtu og sagði frá að það væri t.d ánægja með ákvörðunina með rafrænan útivistartíma og að foreldrar væru nú komnir með sameiginlegar reglur.

Jólafondur gekk vel í lok skólaárs og mikil ánægja með það. Það er orðið fast í sessi.

Páskabingó verður haldið en það er orðin árleg hefð. Hausthátíðin var ekki vegna veðurs í upphafi þessa skólaárs. Kannski er verið að hugsa um að gera eitthvað annað í staðinn fyrir hana.

Rætt var um að margt væri framundan í skólastarfinu eins og undanfarin ár eins og útskriftaferð tíunda bekkjar, árshátíð unglingadeildar, Hæfileikasúpan, ferð á Reyki

með 7. bekk og margt fleira. Þórhildur sagði frá því að undirbúningur vorferða væri hafinn og að hún sé t.d. byrjuð að panta rútur.

14. Skólapúlsinn í 1. – 5. bekk

Skólapúlsinn er lagður fyrir einu sinni á ári. Þetta er í fyrsta sinn sem fyrirlögnin tókst ekki sem skyldi. Nemendur voru mjög óöruggir, trufluðu mikið fyrirlögnina og áttu erfitt með að skilja um hvað var spurt (skildu ekki nógu vel) og það gekk illa að koma þeim áfram. Ákveðið var að leggja Skólapúlsinn fyrir með öðrum hætti næsta haust þ.e. fyrir minni hópa í einu þannig að hægt væri að sinna þeim betur.

Tekið skal fram að áhyggjur komu fram strax í lok fyriragnar og höfðu líklega ekkert með útkomuna að gera. Kennarar töluðu strax við stjórnendur eftir fyrirlögnina og óttuðust að útkoman yrði ekki nógu góð.

Athuga þarf fyrir næstu fyrirlofn að nemendur í yngri bekkjum taki könnunina í minni hópum. Vegna þess að nemendur skildu ekki vel það sem spurt var um, svo skekkja er líklega í niðurstöðum. Einkum hjá 2. og 3. bekk.

Margrét kennari sagði að það þyrfti að leggja inn meira af orðum nú en áður, þar sem orðaforði nemenda sé slakari.

Lestur

Það er almenn ánægja með appið Læsir, þykir gott til að halda utan um lestur nemenda. Þá sagði Margrét kennari frá því að reynsla kennara sýni að það sé samhengi milli þess að nemendur lesi hvern dag og æfi sig vel og að ná góðri færni í lestri. Nemendur sem lesi 5 til 6 daga vikunnar séu almennt að standa sig betur í lestarprófum. Margrét sagði að það væri gríðarlega mikilvægt að nemendur æfi sig og lesi líka í fríum til að missa ekki lestrarfærni. Það á sérstaklega við þá nemendur sem ekki hafa tileinkað sér tiltekna færni og þurfa á æfingunni að halda.

Skólareglur

Rætt um símaregluna og hvort hún ætti að vera strangari. Erfiðlega hefur gengið að fylgja þeirri reglu eftir í vetur. Það verður tekið frekar fyrir á næsta fundi.

Mygla

Fyrirspurn frá foreldri um myglu, skólastjóri svarar því að teknar voru í gegn stofa A1 og A2. Þá voru tekin sýni og engin mygla fannst í skólahúsnæðinu

15. Skóladagatal næsta árs, 2026-2027

Farið yfir skóladagatalið og það helsta varðandi skipulag þess. Farið yfir starfsdagana, bæði þá sameiginlegu og þá sem við stjórnnum sjálf. Einnig var farið yfir vetrarleyfisdagana og skerta daga. Öskudagurinn er t.d. skertur dagur en kennarar fara margir á ráðstefnu þann dag eftir hádegi. Þá var rætt um samskiptadaga og er almenn ánægja með hvernig þeir hafa verið

skipulagðir. Þórhildur sagði frá að seinni dagurinn í ár væri með öðru sniði. Farið var yfir hvernig jólin eru á næsta ári og einnig skoðað hvernig páskaþing liggja í árinu. Engar athugasemdir voru gerðar við skóladagatalið.

Skóladagatalið var samþykkt á fundinum.

16. Önnur mál

Skólastjóri minnti á að öskudagurinn í ár yrði skertur dagur. Silja benti á að upplýsingar frá kennurum varðandi öðruvísi daga kæmu oft of seint til foreldra og hafa þá foreldrar stuttan tíma til að bregðast við. Að sögn Silju kemur yfirleitt póstur daginn áður. Rætt var um að kannski væri gott að setja dagana á skóladagatalið eða búa til skjal í upphafi skólaárs þar sem öðruvísi dagar kæmu fram. Skjalið yrði þá sent til foreldra í upphafi skólaársins. Þórhildur mun ræða þetta á kennarafundi. Föstudagspóstar til foreldra á yngri stigum hafa verið nýttir til að koma upplýsingum á framfæri. Yfirleitt kemur póstur daginn áður að sögn foreldris. Einnig nefnir foreldri að kannski mætti fækka dögum en á sama tíma vitum við að það eru skiptar skoðanir með þessa daga.

Fundi slitið kl. 8:55

Fundur í skólaráði Árbæjarskóla

Mánudagurinn 17. nóvember 2025, kl. 8:10

Mættir voru: Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri, Silja fulltrúi foreldrafélagsins, fulltrúi kennara Margrét Sæberg, Þórdís Eva, fulltrúi starfsmanna, Erna Bryndís fulltrúi Ársels, Hörður Guðjónsson fulltrúi grenndarsamfélagsins. Fulltrúar nemenda: Ragna Tryggvadóttir fulltrúi miðstigs og Rebekka Harðardóttir fulltrúi yngsta stigs, Ari Kjartan Jónsson og Þórhildur Guðjónsdóttir fulltrúar unglíngastigs. Guðrún Þórhalls aðstoðarskólastjóri ritaði fundargerð.

Nóvember/desember

Mat á skólastarfi og þróunarverkefni:

1. Mat á skólastarfi (Skólapúlsinn) farið yfir niðurstöður

Guðlaug fór yfir fyrstu niðurstöður úr Skólapúlsinum í 6. – 10. bekk en hann er lagður fyrir tvisvar yfir skólaárið. Ánægja af lestri er að koma mjög vel út og þá sérstaklega í 10. Bekk. Þórhildur fulltrúi nemenda sagði að árgangurinn væri að lesa svo skemmtilegar bækur, þrautsegja í námi, ánægja af stærðfræði o.fl. er að koma vel út en hins vegar þurfum við að efla sjálfstraust nemenda í námi en 8. og 9. bekkur koma ekki nægilega vel út þar. Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og vellíðan eru nánast á pari við landið og erum á réttri leið. Þegar horft er til spurninga um einelti erum við að koma vel út en megum aldrei sofna á verðinum. Nemendur í skólanum eru mjög ánægðir með matinn í skólanum. Lýðheilsufræðingur sem starfar við skólann hefur verið að rýna matseðilinn með matreiðslumeistararum okkar hafa ýmsar breytingar verið gerðar sem mælst hafa ágætlega fyrir. Samband nemenda við kennara kemur vel út en hefur aðeins dalað og ræddi einn fundarmanna hvort það gæti tengst því að við erum með svo marga nýja kennara og nýtt fyrirkomulag kennslu í 7. bekk (faggreinakennslu). Agi í skólanum kemur marktækt betur út hér en á landsvísu og sama má segja um tíðni leiðsagnarmats. Við komum einnig vel út í spurningu er snýr að því hvort við séum dugleg að stöðva stríðni og einelti. Okkar nemendur fara seinna að sofa en nemendur í Reykjavík og skapaðist nokkur umræða um seinkun byrjunar skóladagsins. Voru skiptar skoðanir um árangurinn af þessari breytingu.

Matsteymið í skólanum fær niðurstöðurnar og gerir áætlun um hvernig bregðast þarf við einstaka þáttum.

2. Jóladagskrá (Guðrún og Þórhildur segja frá)

Á unglíngastiginu hefur jóladagskráin verið afgreidd. Kennsla samkvæmt stundaskrá

fyrir utan nokkurra fastra liða. Skreytingardagur unglíngadeildar er 21. nóvember og um leið hefst jólasveinahurðakeppnin. 1. des. verður haldinn hátíðlegur að venju, 10. des. er jólasöngur á sal og jólaball í Árseli, 12. des. verða vöflur bakaðar af miklum móð fyrir unglíngana og formlegri dagskrá lýkur síðan þann 19. des með ljósagöngu og samveru í bekkjum og árgöngum.

Á yngri stigum verður kennsla samkvæmt stundaskrá þar til 19. des. en þá er uppbrot venju samkvæmt, Litlu jól og jólaskemmtun.

3. Þróunarverkefni, sagt frá (leiðsagnarnám, þróunarhópur o.fl.)

Erum áfram að vinna að gæðum kennslu/leiðsagnarnámi. John Morris sem hefur leiðsagt okkur í leiðsagnarnáminu kemur í heimsókn á miðvikudaginn og mun fara inn til allra kennara í 7. – 10. bekk, auk íþróttakennaranna. Fundur með skólastjórnendum og kennurum í framhaldinu. Þróunarhópur var stofnaður í skólanum í fyrra og er áfram starfandi í ár. Farið yfir hvað er á döfinni og mörkuð stefna í ýmsum málum. Rætt um að birta opinberlega fundargerðir af þeim fundum fyrir kennurunum. Þórhildur bætti við að einnig væri unnið að innleiðingu meiri tækni í skólastarfinu á yngra stiginu. Erum að innleiða að foreldrar skrái inn heimalestur í ákveðið lestrarapp og þar kemur fram að heimalestri er verulega ábótavant og þarf að verða hugarfarsbreyting hjá foreldrum varðandi þennan þátt skólastarfsins. Að meðaltali er heimalestur hjá nemendum skólans ca. 70%.

4. Minnt er á að skólaráð skal að lágmarki halda einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins (sbr. 4.grein reglugerðar), eru hugmyndir að slíkum fundi?

5. Klæðnaður nemenda

Skólastjórnendur ræddu á haustfundum við foreldra um klæðaburð nemenda og að þeir mættu klæddir í skólann. Starfsfólki finnst óþægilegt að aðstoða nemendur þegar þeir eru léttklæddir. Við erum ekki með klæðareglur en höfum bent nemendum á að klæða sig betur og fengið ákúrrur fyrir. Skólastjórnendur veltu upp hvert þeir ættu að vísa þessu máli til umfjöllunar. Verður tekið upp við stjórn foreldrafélagsins og við stjórn nemendafélagsins.

6. Lagfæring á skóladagatali 2025-2026

Guðlaug ræddi um skóladagatalið og að mistök hafi verið gerð þar sem öskudagur er fullur skóladagur skv. því ekki skertur skóladagur. Ástæðan fyrir þessu er sú að

stjórnendur voru ekki meðvitaðir um að SFS yrði með Öskudagsráðstefnu þennan dag þar sem umræðuefnið er gervigreind í skólastarfinu, tækifæri og áskoranir. Skólastjórn óskar eftir því að fá að gera breytingar á dagatalinu sem skólaráð samþykkti og mun hún senda erindi til SFS til umfjöllunar og samþykktar.

7. Drög að skóladagatali ársins 2026-2027

Á næsta ári verður skólaasetning 24. ágúst, síðasti skóladagur fyrir jól 18. desember og byrjum aftur 4. Janúar eftir jól. Skólaslit verða ekki fyrr en 10. júní. Verður tekið upp aftur á næsta skólaráðsfundi þar sem skólastjórn fékk þetta mjög seint í hendur og ekki getað unnið það nægulega vel með hliðsjón af starfsdögum og fleira.

8. Önnur mál

Rætt um fyrirkomulag foreldradags í ljósi breytinga á umgjörð skólastarfsins á liðnum árum, meira aðgengi að kennurum og fleiri fundir. Velt upp hugmyndum að nýjungum t.d. að halda fræðslufundi þennan dag og bjóða líka upp á fundi með kennurum. Rætt um hverju þessi viðtöl eru að skila okkur. Nemandi á yngra stigi ræddi um uppbyggingu viðtals á sínu stigi. Svo virtist sem nemendur væru ekki hrifnir af því að skipta út viðtali á foreldradaginn. Foreldri í skólaráði varaði við því að sleppa ekki þessum viðtölum alveg. Ræddi um hve góður fundur hefði verið í 6. bekk um farsældarsáttmálann þar sem Dagbjört hjá SFS mætti og leiddi vinnuna með foreldrum og kennurum.

Fundur í skólaráði Árbæjarskóla

Mánudagurinn 06. október 2025, kl. 8:10

Mættir voru: Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri, Silja og Stefán Orri fulltrúi foreldrafélagsins, fulltrúi Margrét Sæberg kennara, Þórdís Eva, fulltrúi starfsmanna, Erna Bryndís fulltrúi Ársels, fulltrúar nemenda: Ragna Tryggvadóttir fulltrúi miðstigs og Rebekka Harðardóttir fulltrúi yngsta stigs, Ari Kjartan Jónsson og Þórhildur Guðjónsdóttir fulltrúar unglingsstigs. Guðrún Þórhalls aðstoðarskólastjóri ritaði fundargerð.

September/október

Ýmislegt tengt upphafi skólaárs:

1. **Skipan og verkefni skólaráðs ([handbók um skólaráð](#)), kynning nýrra fulltrúa, fundartíma, fundarritun, hvar fundargerðir eru birtar og boðun funda**

Guðlaug kynnti handbók um skólaráð og fjallaði um hlutverk skólaráðs skv. lögum og hvaða verkefni liggja til grundvallar, s.s. að fylgjast almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Fundarboð er í gegnum Outlook. Skólastjóri kom með tillögu að fundartímum sem var samþykkt. Næstu fundir áætlaður í 10. nóvember, 19. janúar, 9. mars og 11. maí. Fulltrúar í skólaráði kynntu sig. Fundargerðir eru birtar á heimasíðu skólans og skrifar aðstoðarskólastjóri þær.

2. **Val á fulltrúa grenndarsamfélags - eru tillögur að nýjum fulltrúum?**

Ekki tillögur að nýjum fulltrúum. Hörður frá Fylki og Erna Bryndís frá frístundamiðstöðunni eru fulltrúar grenndarsamfélaginu. Engin hreyfði mótmælum við því.

3. **Starfsáætlun Árbæjarskóla 2025-2026 kynnt og yfirfarin**

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri kynntu starfsáætlunina; skólanámskrá, skóladagatal, skólareglur o.fl. Guðrún fór yfir helstu breytingar í áætluninni en þær lutu aðallega að skólareglunum sem lögfræðingur á SFS las yfir í haust. Þá kynnti hún einnig áætlanir sem fylgja starfsáætluninni svo sem öryggisáætlun, forvarnaráætlun o.s.frv. Starfsáætlunin var samþykkt.

4. **Starfsáætlun lögð fram til samþykktar (sjá viðhengi).**

Fundarmenn samþykktu starfsáætlunina og verður hún send á SFS til samþykktar.

5. **Fundir með foreldrum og nemendum voru í upphafi árs og óska stjórnendum eftir samtali um þá. Hvað gekk vel, hvað má betur fara o.s.frv. ?**

Guðlaug ræddi um fundina í haust og hver áhersluatriðin voru. Áherslan var aðallega á nám og kennslu. Fundarmenn inntir eftir því hvort breyta mætti þessu fyrirkomulagi, hvort einhverju mætti breyta og bæta o.s.frv. Engar hugmyndir komu en þeir sem tjáðu sig voru ánægðir með fyrirkomulagið.

6. Aðgengi að og í skóla og framkvæmdir

Ragna fulltrúi nemenda á miðstigi ræddi um inngangana og reglurnar sem væru um hvar mætti koma inn og fara út. Guðlaug fór yfir ástæður þess að nemendur nýttu þá innganga sem eru næstir þeirra kennslusvæði. Guðlaug fór í framhaldinu yfir öryggismál og að í umræðunni væri að loka ákveðnum inngöngum. Þetta væri gert til að tryggja öryggi nemenda og starfsmanna. Fundarmenn bentu á að í ljósi fréttanna og umræðu að undanförunni þá væri þetta eitthvað sem við yrðum að skoða alvarlega. Stefán spurði hvort í umræðunni væri að færa skrifstofuna niður þannig að í það minnsta yrði eitthvað móttökuborð við aðalinnganginn. Þetta er einnig í skoðun. Guðlaug ræddi einnig framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar á bílastæðinu. Þá var spurt hvort einhverjar óskir væru um viðhald, framkvæmdir, lagfæringar á lóð eða öðru sem stjórnendur gætu tekið upp með framkvæmdasviði borgarinnar. Margrét benti á hvort ekki væri kominn tími á að yfirfara skólalóðina þ.e. að mála og athuga með undirlagið. Stjórnendur munu taka það mál áfram. Skólastjóri sagði að verið væri að skipta um pott í eldhúsinu sem kostar 3 milljónir en þetta er stórt eldhús þar sem eldað er fyrir 850 manns á hverjum degi. Þá eru ýmis verkefni á framkvæmdaáætlun vetrarins eins og að ljúka við að skipta um gólfduka í unglungaálmunni, halda á fram að skipta út ljósum/ljósaperum o.s.frv.

7. Önnur mál

○ Nánara samstarf við Ársel

Aukið samstarf við Ársel um félagsstarf unglinganna enda í stefnu SFS að félagsmiðstöðvar borgarinnar komi meira að félagsstarfi unglinga í grunnskólum. Hefur ekki verið eins virkt hér og annars staðar en nú verður breyting á enda búið að skerða framlög til skólans til þessa málaflökks. Ársel hefur tekið yfir nýnemaballið og jólaballið, árshátíðin verður samstarfsverkefni og vorballið verður samstarfsverkefni líka. Unglingarnir ánægðir með hvernig til tókst með nýnemaballið í september sem haldið var í Árseli. Líka ánægja frá starfsfólki skólans sem tók þátt í ballinu og Ernu frá Árseli. Eina neikvæða voru langar raðir við innganginn í Ársel á nýnemaballinu og hugmyndir þegar komnar hvernig hægt verður að leysa það fyrir næsta ball; fjölga inngöngum og skipta eftir árgöngum. Spurt hvort vorballið geti verið kvöldið sem útskriftin er. Guðlaug ræddi af hverju það er ekki hægt, í raun erfitt í framkvæmd þar sem skólaslit hefjast strax morguninn eftir. Ari spurði hvort lokaballið gæti ekki verið í Árseli á útskriftarkvöldið og munu skólastjórnendur ræða þetta við Bjarna. S

○ Erindi frá SFS

Erindið lítur að því að skólinn hætti að láta nemendur í Ártúnsholti hafa strætómiða. Þetta átti að hefjast í haust en þar sem þetta hafði ekki verið nægilega vel kynnt var þessu frestað. Beðið um álit skólaráðs. Fundarmenn sammála því að það eigi að vera ókeypis fyrir alla grunnskólanemendur í strætó. Fundarmenn á því að nemendur í Ártúni eigi að fá áfram strætómiða og um leið að nemendur í Selási fái þá líka. Jafnræði á að ríkja milli hverfanna. Nemendur eru að sækja íþróttæfingar utan hverfis þar sem Fylkir er með æfingaaðstöðu t.d. í Egilshöll og Fylkisseli í Norðlingaholtinu. Þá eru nemendur sem eru á annars konar æfingum utan hverfis, s.s. frjálsum, dansi o.frv. Skólaráðið ákvað að skila inn ályktun til SFS vegna þessa.

Fundi slitið kl. 9:40